

Tákn með tali

MÁLÖRVUNAREFNI/TJÁSKIPTAÆFERÐ FYRIR BÖRN Á
LEIKSKÓLAALDRI

GAGNAKASSI OG ÁÆTLUN UM INNLÖGN Á YNGSTU DEILD LEIKSKÓLANS

Ágústa Kristmundsdóttir – Hulda Karen Eyjólfsdóttir
LEIKSKÓLINN AKRAR 2017-2018

Lokaskýrsla v/Próunarstyrks leikskóla Garðabæjar

Heiti verkefnis: TÁKN MEÐ TALI

Styrkþegar: Ágústa Kristmundsdóttir og Hulda Karen Eyjólfsdóttir

Verkefnisstjóri: Ágústa Kristmundsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

1. Að útbúa áætlun um markvissa innlögn á málörvunarefninu Tákni með tali á yngstu deild leikskólans.
2. Að útbúa gagnakassa með myndaspjöldum með Tákni með tali myndum og gögnum til að auðvelda innlögn og vinnu með þessa aðferð.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis:

Ákveðið var að 3 starfsmenn, sérkennslustjóri, deildarstjóri og stuðningsaðili færu á námskeið í Tákni með tali hjá Sigrúnu Grendal talmeinafærðingi sem er einnig ráðgjafi okkar í þessu verkefni. Í framhaldi kom Sigrún Grendal á starfsmannafund þar sem allir starfsmenn skólans fengu kynningu og innsýn í þessa aðferð.

Í samráði við Sigrúnu Grendal var ákveðið að leggja af stað með ákveðinn fjölda tákna sem var byrjað að nota strax á deildinni. Starfsfólk á deildinni fékk líka kennslu í táknum.

Bréf var sent til foreldra allra barna á deildinni um þetta verkefni, kynning á TMT, markmið og ávinningur.

Verkefnastjóri byrjaði að útbúa efni til að nota, myndir og tákni sem var hengt inn á deildinni og fyrir foreldra. Starfsfólk var stutt og hvatt til að nota tákni með börnunum við hinar ýmsu aðstæður. Ákveðið var að byrja í matartímum og samverustundum.

Gerð voru drög að áætlun um innlögn en samt þannig að hún væri í stöðugri endurnýjun eftir því hvað hentaði best.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Í upphafi vissum við að stærsta áskorunin væri að virkja annað starfsfólk á deildinni, kenna því táknið, hvernig og við hvaða aðstæður þau eru notuð. Einnig að fylgja því eftir að táknið væru notuð. Tákn með tali hefur verið notað hér í leikskólanum með börnum með sérþarfir en ekki almennt með öllum börnum og þurfti því að skapast hefð fyrir því að nota það með öllum.

Einnig fólst áskorun í því að upplýsa starfsfólk um mikilvægi þess að nota táknið með tali með öllum börnum en ekki eingöngu börnum með sérþarfir.

Forritið Boardmaker var notað við gerð spjaldanna og fór nokkur tími hjá verkefnastjóra í að læra á það forrit og hvernig best væri að hafa táknsþjöldin þ.e. útlit, stærð og frágang.

Í upphafi ætluðum við að gera meira af táknsþjöldum og leggja hraðar inn táknið en sáum fljótlega að við þyrftum að fara hægar, bæði til að fylgja eftir að táknið væru notuð og starfsfólk lærðu þau táknið sem voru komin og noti þau. Við áætluðum að í haust förum við af stað markvissst og vinnum eftir áætluninni um innlögn enda búnað að læra og reka okkur á ýmsar hindranir sem var að vissu leyti gott.

Mat á verkefninu

Við höfum mikla trú á að þessi aðferð nýtist öllum börnum og sé brú yfir í talað mál. Sérstaklega hjálpar þetta þeim börnum sem eru sein til máls og hjálpar þeim að gera sig skiljanleg bæði við kennara og önnur börn. Við höfum fundið hvað börnunum hefur fundist gaman að nota táknið og eru mjög stolt að segja frá og tjá sig með táknum. Þetta á við öll börn en ekki eingöngu þau sem eru með seinkaðan málþroska. Við teljum að með því að eiga áætlun og gagnakassa tilbúinn þá sé mun auðveldara og markvissara að halda utan um og leggja inn og viðhalda þessa aðferð.

Næsta haust ætlum við að byrja að vinna á fullu eftir þessari áætlun enda var veturinn í vetur mjög lærdómsríkur og hjálpaði okkur að skipuleggja hvernig best er að standa að þessari innlögn. Búið er að útbúa gögn og áætlun og er það efni allt tilbúið.

Ráðstöfun styrks

Heildarupphæð styrksins var 450.000. Efniskostnaður stóðst fyrir því sem þurfti að kaupa s.s. plast í plöstinarvél, kassa, möppur og flokkunarspjöld – efniskostnaður var 30.000.

Ráðgjafi verkefnisins var Sigrún Grendal talmeinafræðingur og var mikill styrkur að hafa hana með í þessu verkefni. Hennar laun eru 10 tímar - samtals 120.000.

Hlutverk deildarstjóra var að sjá um innlögn á deildinni og kenna og hvetja annað starfsfólk á deildinni til að nota táknið og samráð við verkefnastjóra um val á táknum. Hans laun eru samtals - 75.000

Verkefnastjóri stýrir og heldur utan um verkefnið, undirbýr og útbýr táknið, hannar spjöldin og platar og sér um skipulagningu á gagnakassanum.

Af launum verkefnastjóra fóru 45.000 í námskeið í Táknið með tali fyrir deildarstjóra og verkefnastjóra. Hans laun eru samtals 225.000 (þar af fóru 45.000 í námskeið)

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Þessi aðferð hentar öllum börnum en sérstaklega börnum af erlendum uppruna og börnum með seinkaðan málþroska og tjáningu. Mikilvægt er að leggja grunn að góðum málþroska, orðaforða, tjáningu og málskilningu á þessum aldri og teljum við að þetta verkefni hjálpi til við það. Þegar við fáum til okkar börn af erlendum uppruna þá erum við betur í stakk búin að koma til móts við þau þar sem táknið hjálpa þeim í daglegum aðstæðum og í samskiptum við kennara og önnur börn.

Það að öll börn kynnist Táknið með tali og kunni að nota það hjálpar börnum með sérþarfir og auðveldar þeim að nýta sér umhverfið og geta gert sig skiljanleg við alla, ekki bara við þá aðila sem eru því næst.

Þessi aðferð var kynnt öllu starfsfólki leiksólans á starfsmannafundi og síðan sérstaklega starfsfólkinu á deildinni þar sem innlögnin fór fram.

Foreldrar fengu kynningu á þessu verkefni og við höfum kynnt ný tákni á töflu í fataklefa.

Næsta vetur verður þetta verkefni kynnt enn frekar fyrir foreldrum og einnig á starfsmannafundi fyrir alla starfsmenn þar sem væntanlega verður einhver endurnýjun á starfsfólki.

Garðabær 15.6.2018

Ágústa Kristmundsdóttir verkefnastjóri
Hulda Karen Eyjólfsdóttir deildarstjóri

